



Borgarráð

Tillaga um samninga við viðskiptavaka skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar og samning um fyrirgreiðslu vegna samnings um viðskiptavakt. Reykjavíkurborg mun gera samhljóða samninga til eins árs við Arion banka, Íslandsbanka, Kvikubanka og Landsbankann.

Greinargerð

Samningar um viðskiptavakt verður gerður til eins árs líkt og undanfarin ár. Undanfarin ár hafa fjórir aðilar annast þessa samninga: Arion banki, Íslandsbanki, Kvikubanki og Landsbankinn og er nú stefnt að samningi um viðskiptavakt við sömu aðila.

Samhliða þessum samning er gerður samningur um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa eins og verið hefur.

Samningarnir eru nú með eftirfarandi breytingum:

- Heildarþóknun til viðskiptavaka á ársgrundvelli hækkar um 4 m.kr. á milli. Þóknuninni, 56 m.kr. verður skipt jafnt á milli viðskiptavaka.

Viðskiptavaktin, nafnverð	Tillaga frá 1. apríl 2023	Gildir til 31.3.2023	Breyting
RVK 32 1	20.000.000	20.000.000	-
RVKN 35 1	25.000.000	25.000.000	-
RVK 53 1	10.000.000	10.000.000	-
RVKG 48 1	15.000.000	15.000.000	-

Hámarksviðskipti á dag	Tillaga frá 1. apríl 2023	Gildir til 31.3.2023	Breyting
Samtals að nafnvirði	180.000.000	180.000.000	-

Fyrirgreiðsla	Tillaga frá 1. apríl 2023	Gildir til 31.3.2023	Breyting
RVK 32 1	240.000.000	240.000.000	-
RVKN 35 1	240.000.000	240.000.000	-
RVK 53 1	200.000.000	200.000.000	-
RVKG 48 1	200.000.000	200.000.000	-

Hámarksverðbil kaup/sölu	Tillaga frá 1. apríl 2023	Gildir til 31.3.2023	Breyting
RVK 32 1	1,0%	1,0%	0,0%
RVKN 35 1	1,0%	1,0%	0,0%
RVK 53 1	1,5%	1,5%	0,0%
RVKG 48 1	1,5%	1,5%	0,0%

Þóknun og vaxtafrádrag	Tillaga frá 1. apríl 2023	Gildir til 31.3.2023	Breyting
Samtals í samningi	14.000.000	13.000.000	1.000.000
Vaxtafrádrag	1,0%	1,0%	-
Umsýslukostnaður	20.000	20.000	-

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

- Viðskiptavakasamningur RVK 2023 – Drög til samþykktar í borgarráði
- Samningur umfyrirgreiðslu vegna viðskiptavakasamnings RVK 2023 – Drög til samþykktar í borgarráði



Reykjavíkurborg

**Samningur um viðskiptavakt á eftirmarkaði
með skuldabréf Reykjavíkurborgar**

Samningur um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 (hér eftir *útgefandi*), og XXXXXXXXXX, kt. XXXXXX-XXXX (hér eftir *viðskiptavaki*), gera með sér eftirfarandi samning um viðskiptavakt með skuldabréf útgefanda á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir verða við aðra viðskiptavaka.

Markmið þessa samnings um viðskiptavakt er að efla viðskipti með þau skuldabréf útgefanda, er samningurinn nær yfir, á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland (hér eftir *kauphöllin*). Fer viðskiptavaktin fram í því skyni að stuðla að auknum seljanleika skuldabréfanna, að markaðsverð skapist og að verðmyndun skuldabréfanna verði með sem skilvirkustum og gagnsæjustum hætti.

Samningur þessi byggir á lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 854/2022 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga og fer um réttindi og skyldur aðila samkvæmt því sem þar segir, sem og í þeim réttarheimildum sem þær innleiða.

1. gr.

Útboð skuldabréfa

Útboð skuldabréfa útgefanda verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í fréttakerfi kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi a.m.k. einum viðskiptadegi fyrir útboð.

2. gr.

Skyldur viðskiptavaka á eftirmarkaði

Viðskiptavaki skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi, bæði fyrir opnun markaðar og á meðan viðskipti eiga sér þar stað.

Skuldabréfaflokkarnir, lágmarkstilboðsskylda og hámarksverðbil kaup- og sölutilboða hvers flokks sem samningur þessi nær til varðandi viðskiptavakt á eftirmarkaði er eftirfarandi:

Skuldabréfaflokkur	Tilboðsskylda að nafnverði	Hámarksverðbil kaup- og sölutilboða
RVKN 35 1	25 m.kr.	1,0%
RVK 32 1	20 m.kr.	1,0%
RVKG 48 1	15 m.kr.	1,5%
RVK 53 1	10 m.kr.	1,5%

Viðskiptavaka er skylt að endurnýja tilboð sín í kauphöllinni innan 15 mínútna frá því að gengið hefur verið að annað hvort kaup- eða sölutilboði.

Eigi viðskiptavaki, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 180 m.kr. að nafnverði í þeim flokkum sem viðskiptavakt er með (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksverðbili kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags. Forsenda fyrir því að viðskiptavaki megi víkja frá ofangreindum hámarksverðbili er að 90 m.kr. af samanlögðum viðskiptum hans eigi sér stað með þeim hætti að gengið hafi verið að framlögðum tilboðum hans.

3. gr.

Áhrif markaðstruflana

Ef alvarleg truflun verður á markaði og tímabundin niðurfelling verður á ákvæðum aðalmiðlarasamnings um ríkisbréf, falla sambærileg ákvæði í þessum samningi einnig niður yfir sama tímabil án þess að samningsaðilar þurfi sérstaklega að samþykka það í hvert skipti.

Ef alvarleg truflun verður á markaði getur útgefandi að undangengnum símafundi og að fenginni umsögn viðskiptavaka, fellt einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

Viðskiptavaka er jafnframt heimilt, í samráði við útgefanda, að falla frá skyldum sínum skv. samningi þessum til þess að leggja fram kaup- og sölutilboð, tímabundið eða varanlega, hvenær sem er á samningstímanum ef markaðsaðstæður eru með þeim hætti að verðmyndum með skuldabréfin í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi er óviss, hrun verður á markaði, viðskipti eru

stöðvuð tímabundið eða þeim hætt eða ef staða útgefanda er þannig háttáð að óvissa er um getu hans til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar.

4. gr.

Greiðsla og útreikningur þóknunar

Til ráðstöfunar fyrir alla viðskiptavaka eru samtals 56.000.000 króna, sem útgefandi greiðir viðskiptavökum tvisvar á ári, 26 milljónir króna í hvort sinn, á meðan á samningstímanum stendur. Þóknun skiptist jafnt milli viðskiptavaka eftir fjölda þeirra. Ef viðskiptavaki bætist í hópinn þegar liðið er á tímabilið eða hættir þegar liðið er á tímabil samnings skal hann hljóta hlutfallslega þóknun í samræmi við það tímabil sem hann sinnir viðskiptavaktinni.

Tímabil uppreiknings þóknana er frá 1. apríl 2023 til 30. september 2023 og frá 1. október 2023 til 31. mars 2024.

Greiðsla þóknunar samkvæmt ofangreindu skal eiga sér stað innan sjö daga frá lokum tímabils.

5. gr.

Fyrirgreiðsla til viðskiptavaka

Útgefandi veitir viðskiptavökum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og heldur gildi sínu á meðan samningur þessi er í gildi. Fyrirgreiðslan felst í því að viðskiptavakar mega einir fá sérstök verðbréfalán hjá útgefanda, gegn tryggingu.

6. gr.

Samskipti og upplýsingagjöf

Viðskiptavaki skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við útgefanda. Útgefandi heldur fundi með viðskiptavökum eftir því sem hann telur þörf á.

Tilkynningar um samskipti milli samningsaðila samkvæmt samningi þessum skulu fara fram í gegnum tölvupóst, nema annað sé tekið fram. Sé tilkynning send utan hefðbundins skrifstofutíma (8:30 – 16:30) skal tilkynningin teljast komin til móttakanda við upphaf næsta viðskiptadags.

xxx Banki

Heimilisfang, xxx

Netfang:

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Netfang: fjarstyring@reykjavik.is

7. gr.

Nýir viðskiptavakar

Útgefandi áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja viðskiptavaka á samningstímanum og skal slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum.

8. gr.

Kaup útgefanda á eigin bréfum

Til þess að styðja við eðlilega verðmyndun getur útgefandi keypt skuldabréf sín af viðskiptavökum og skal hann gefa þeim öllum færi á að bjóða bréf til sölu.

9. gr.

Force Majeure

Aðilar samningsins eru undanþegnir ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure), s.s. breytingu á lögum, aðgerðum yfirvalda, náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, rafmagnsleysi, bilun á fjarskiptasambandi, atvikum sem valda vatnstjóni, eldsvoða, verkfalli, hafnbanni, viðskiptabanni eða verkabanni. Að því er varðar verkfall, hafnbann, viðskiptabann og verkabann gildir ofangreind undanþága frá ábyrgð jafnvel þó aðili samningsins sé sjálfur þolandi eða gerandi í slíkri aðgerð.

Ef aðila er ekki unnt að efna skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, að hluta til eða öllu leyti, vegna óviðráðanlegra atvika, sbr. 1. mgr., er aðila heimilt að fresta því að efna þær skyldur þar til honum er það kleift. Aðilinn skal tilkynna hinum aðilanum um þá staðreynd með sannarlegum hætti eins fljótt og unnt er og veita mótaðila sínum allar þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar í því skyni að hann geti lagt mat á réttarstöðu sína og viðbrögð.

Samningsaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda gagnaðila sínum í tengslum við samning þennan ef fyrrnefndur samningsaðili hefur hegðað sér í samræmi við almennt viðurkenndar hegðunarreglur og góða viðskiptahætti.

10. gr.

Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi tekur gildi 1. apríl 2023 og gildir til 31. mars 2024. Telji annar samningsaðilinn að vanefnd eða alvarleg brot hafi verið gerð á samningi þessum getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Aðilar samnings þessa geta hvor um sig sagt honum upp hvenær sem er með einnar viku fyrirvara án þess að nefna fyrir því sérstakar ástæður. Uppsögn skal tilkynnt skriflega til mótaðila.

Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu skuldabréfa útgefanda og viðskiptavakt á eftirmarkaði hafi þeir verið til staðar.

Samningur þessi og samningsskyldur aðila lúta ákvæðum íslensks réttar. Rísi mál vegna samnings þessa skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem einn skal hafa lögsögu til að skera þar úr um, að því frátöldu að úrlausnir dómstólsins kunna að sæta kæru eða áfrýjun til æðra dómsvalds í samræmi við ákvæði réttarfarslaga á hverjum tíma.

Reykjavík, XX. mars 2023

f.h. Reykjavíkurborgar,

f.h. XXXXXXXXXXXX

Samningur um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa

Í dag gerðu Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hér eftir *Reykjavíkurborg* eða *útgefandi*, og [x], kt. XXXXXX-XXXX, hér eftir *viðskiptavaki*, með sér samning um viðskiptavakt í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi með tiltekin skuldabréf útgefanda, hér eftir nefndur *viðskiptavakasamningurinn*. Með vísan til 5. gr. viðskiptavakasamningsins gera aðilar hans með sér þennan viðaukasamning um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa, hér eftir nefndur *viðauki*.

Viðauki þessi byggir á lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 854/2022 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga og fer um réttindi og skyldur aðila samkvæmt því sem þar segir, sem og í þeim réttarheimildum sem þær innleiða.

1. gr. Fyrirgreiðsla

Samkvæmt 5. gr. viðskiptavakasamningsins á viðskiptavaki kost á að fá tímabundið lánuð skuldabréf hjá útgefanda í skuldabréfaflokkum RVK 53 1, RVKN 35 1, RVK 32 1 og RVKG 48 1, hér eftir nefnd *lánsbréf*, gegn því að setja reiðufé að veði. Viðskiptavaki á kost á að fá lánsbréf að hámarki 200.000.000 kr. í flokkum RVK 53 1 og RVKG 48 1 og 240.000.000 kr. í flokkum RVKN 35 1, RVK 32 1. Miðað er við nafnverð hverju sinni.

Viðskiptavakar hafa einir aðgang að fyrirgreiðslu þessari eins og fram kemur í 5. gr. viðskiptavakasamningsins.

2. gr. Lánstími

Lánstími skal að hámarki vera 28 dagar, þ.e. vikudagur til sama vikudags fjórum vikum síðar. Beri uppgjörsdag upp á frídag skal uppgjör færast til síðasta viðskiptadags þar á undan í viðskiptakerfi kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi.

3. gr. Veð

Viðskiptavaki skal leggja fram veð í formi reiðufjár inn á bankareikning útgefanda. Reykjavíkurborg skal varðveita veðið með tryggum hætti og halda því aðgreindu frá öðrum eignum sínum.

Ávöxtun veðsetts reiðufjár skal taka mið af innlánsvöxtum Seðlabanka Íslands á samningsdegi að frádregnu 1,00% (prósentustigi), þó aldrei lægra en 0%.

4. gr. Upphaf viðskipta

Viðskiptavaki getur óskað eftir að fá lánuð verðbréf hjá Reykjavíkurborg þar til 20 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi alla viðskiptadaga (eigi síðar en kl. 15:50.) Lánsbeiðni þarf að senda í tölvupósti til Reykjavíkurborgar á tilsettum tíma og henni þarf tafarlaust að fylgja eftir með símtali svo tryggt sé að hún komist til skila.

Berist jákvætt svar frá Reykjavíkurborg skal viðskiptavaki leggja fram veð eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi (eigi síðar en kl. 16:05).

Reykjavíkurborg skal afhenda lánsbréfin í síðasta lagi 50 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi daginn sem lánsamningur er gerður, að því tilskyldu að veð hafi sannarlega verið lagt fram.

5. gr. Samningur

Reykjavíkurborg og viðskiptavaki skulu hverju sinni gera með sér lánsamning þar sem fram kemur m.a.:

- Lýsing á verðbréfum þeim sem notuð eru í viðskiptunum
- Fjöldi verðbréfa sem samningur nær yfir
- Uppgjörsdagur
- Upphafs- og lokaverð
- Fjárhæð reiðufjár sem lagt er fram til tryggingar láninu
- Vörslureikningsnúmer útgefanda og reikningsnúmer viðskiptavaka vegna reiðufjár sem viðskiptavaki afhendir sem veð.

Reykjavíkurborg sendir lánsamning á viðskiptavaka til staðfestingar. Rafræn staðfesting nægir sem staðfesting á lánsamningi.

6. gr. Uppgjör

Á uppgjörssdegi samnings skal viðskiptavaki skila lánsbréfunum á reikning Reykjavíkurborgar hjá Verðbréfaskráningu Íslands eigi síðar en 20 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi.

Þegar viðskiptavaki hefur skilað lánsbréfunum skilar útgefandi hinu veðsetta til viðskiptavaka, eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi.

Reiðufé skal skilað inná reikning viðskiptavaka, ásamt áföllnum vöxtum, sem tilgreindur er í lánessamningi aðila.

7. gr. Vanefndir

Afhendi aðilar ekki lánsbréfin eða eftir atvikum veðsett reiðufé á uppgjörssdegi skv. lánessamningi skal viðkomandi aðili greiða dráttarvexti eins og þeir eru skráðir hjá Seðlabanka Íslands síðasta viðskiptadag fyrir viðskiptin. Dráttarvextir reiknast af upphafsverði lánsbréfanna eða höfuðstól reiðufjárveðs, frá uppgjörssdegi skv. lánessamningi og þar til lánsbréfum eða eftir atvikum hinu veðsetta reiðufé hefur verið skilað.

Telji viðskiptavaki sýnt að Reykjavíkurborg muni ekki geta skilað veðtryggingu gegn skilum á lánsbréfum, varanlega eða tímabundið, skal viðskiptavaka heimilt að halda lánsbréfum eftir meðan slíkt ástand varir.

Líði þrjú viðskiptadagar frá því lánessamningurinn rann út án þess að lánsbréfunum eða eftir atvikum hinu veðsetta sé skilað, hefur sá aðili sem ekki hefur vanefnt afhendingu, heimild til að selja þau bréf sem hann hefur í vörslum sínum og verja andvirði þeirra, eða eftir atvikum veðsettu reiðufé, til að kaupa sambærileg skuldabréf í stað þeirra sem ekki eru afhent á uppgjörssdegi. Þeim aðila sem ekki er í vanskilum er einnig heimilt að innheimta kostnað og bætur fyrir þann beina skaða sem hlýst af vanefndum gagnaðila. Ef andvirði hins veðsetta eða eftir atvikum lánsbréfa, sem ekki eru réttilega afhent á uppgjörssdegi, er umfram kostnað við endurkaup skv. framangreindu rennur mismunurinn til þess sem vanefnt hefur lánessamninginn.

Brjóti viðskiptavaki gegn ákvæðum viðauka þessa getur Reykjavíkurborg jafnframt án fyrirvara útilokað viðskiptavaka frá frekari viðskiptum, sem undir viðaukann falla.

8. gr. Þóknun og annar kostnaður

Reykjavíkurborg er heimilt að reikna sér þóknun sem nema skal 20.000 kr. fyrir hvern lánessamning sem gerður er. Þóknun skal greidd á samningsdegi.

Falli kostnaður á Reykjavíkurborg vegna vörslu hins veðsetta á samningstímanum, t.d. skráningar-, vörslu- eða færslugjöld, er Reykjavíkurborg heimilt að innheimta hann hjá viðskiptavaka.

9. gr. Greiðslur af lánsbréfum

Ef greiðslur í formi arðs, vaxta eða afborgana eru inntar af hendi vegna lánsbréfa í vörslu viðskiptavaka ber viðskiptavaka að greiða Reykjavíkurborg umræddar greiðslur sem og

aðrar greiðslur sem flokkurinn ber. Við greiðslu á viðskiptavaki kost á að fá afhent til baka hluta veða sem svara til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna greiðslunnar.

Reykjavíkurborg er heimilt að krefjast dráttarvaxta ef greiðslur skv. ofangreindu, sem réttilega hafa borist viðskiptavaka, eru ekki inntar af hendi á gjalddaga. Jafnframt er Reykjavíkurborg heimilt að krefjast aukinna trygginga ef slíkar greiðslur eru ekki inntar af hendi innan þriggja daga frá gjalddaga.

10. gr. Gildistími

Viðauki þessi tekur gildi 1. apríl 2023 og gildir til 31. mars 2024, eins og meðfylgjandi samningur milli aðila um viðskiptavakt skuldabréfa í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi. Viðauki þessi skal falla úr gildi á sama tíma og samningurinn.

Viðskiptavaka er þó heimilt hvenær sem er á gildistíma lánsamnings skv. 5. gr. að skila lánsbréfum þótt uppgjörsdagur sé ekki kominn og fá endurgreidda veðtryggingu í samræmi við 6. gr. samnings þessa.

Reykjavík, XX. mars 2023.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. [X] hf.
